



Sigríður Droplaug Jónsdóttir
Þorláksgæisla 7
113 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 15. janúar 2019
Tilv.: UMH18080050/0218-09

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið að skipa starfshóp sem hefur það hlutverk að endurskoða í heild sinni lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Við heildarendurskoðunina ber að hafa í huga að lögini fela í sér innleiðingu á grunntilskipun 2011/92/ESB um mat á umhverfisáhrifum og breytingum á henni og þurfa lögini á hverjum tíma að samræmast tilskipuninni og fela í sér fullnægjandi innleiðingu á ákvæðum hennar.

Meginmarkmiðin með heildarendurskoðuninni eru að auka skilvirkni í ákvarðanatöku við mat á umhverfisáhrifum og að tryggja sem best aðkomu almennings og annarra hagsmunaaðila að ferlinu þannig að hún samræmist sem best ákvæðum Árósasamningsins. Í aukinni skilvirkni getur m.a. falið samþætting á ferli mats á umhverfisáhrifum framkvæmda við ferli skipulagsgerðar og umhverfisáhrifum áætlana auk leyfisveitingaferlis. Vegna þessa þarf einnig að taka önnur lög til skoðunar, þ.e. skipulagslög, lög um umhverfismat áætlana, sérlöggjöf um leyfisskylda starfsemi og framkvæmdir og stjórnisýslulög.

Auk framangreinds er starfshópnum falið að endurskoða ákvæði laga nr. 106/2000 um sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum, innheimtu Skipulagsstofnunar á kostnaði vegna málsmeðferðar framkvæmda, viðmiðunargildi framkvæmda í 1. viðauka laganna auk annarra atriða sem starfshópurinn telur rétt að taka til skoðunar.

Aagot Óskarsdóttur lögfræðingi hefur verið falið að vinna greiningu á tilteknum þáttum í löggjöf Norðurlandanna og Skotlands sem fjallar um ferli mats á umhverfisáhrifum og leyfisveitinga. Niðurstaða greiningarinnar mun nýtast sem grunnur í vinnu starfshópsins.

Starfshópnum er ætlað að vera til ráðgjafar og samráðs í tengslum við framangreinda greiningarvinnu á gildandi löggjöf í nágrannalöndum okkar. Að greiningarvinnu lokinni, eða eftir atvikum samhliða henni, mun starfshópurinn hefja vinnu við endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum og gerð frumvarps til nýrra laga um mat á umhverfisáhrifum. Verði það niðurstaða starfshópsins að framangreindum markmiðum verði náð með öðrum leiðum en lagasetningu er þess óskað að hann geri tillögu til ráðherra um þær leiðir.

Þér eru hér með skipaðar í starfshópinn sem er þannig skipaður:

Kolbeinn Óttarsson Proppé, formaður, skipaður án tilnefningar,
Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri, tilnefnd af Skipulagsstofnun,
Hildur Dungal, lögfræðingur, tilnefnd af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti,
Jón Gunnarsson, alþingismaður, tilnefndur af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti,
Pétur Reimarsson, verkfræðingur, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins,
Sigríður Droplaug Jónsdóttir, tilnefnd af umhverfisverndarsamtökum og
Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, lögfræðingur, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Með hópnum mun starfa Íris Bjargmundsdóttir, lögfræðingur í umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Starfshópurinn skal skila tillögum til ráðherra fyrir 1. janúar 2020.

Tilnefningaraðilar bera sjálfir kostnað vegna setu fulltrúa sinna í starfshópnum.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson



Sigríður Auður Arnardóttir

Fylgiskj.: Verklýsing lögfræðings

Ljósrit: Hólmfríður Arnardóttir